

Fundur 30.10.2023 Ólafur Ólafsson fv. Landlæknir.

Heilsa ég ykkur öllum, komið þið sæl og blessuð.

*Já velkomin og sæll.*

Loksins næ ég sambandi við ykkur og gömlu jörðina og var ég nú svo forstokkaður þegar ég kom hér fyrst að ég ætlaði ekki að tala á slíkum fundi, þar sem fjölmargt af því sem ég hef þurft að tileinka mér á þessum nýja hnetti fór alveg þvert gegn sannfæringu minni á mörgum sviðum og hélt að mig væri að dreyma og það væru einhverjar ofskynjanir, sem var þó ekki.

Og hef ég vissulega þurft að éta ofan í mig margskonar fordóma og firrur og skipta um skoðun og opna hugann fyrir þeim mörgu nýjungum sem mér eru kenndar á framlífsjörð og er það mikið fagnaðarefni.

Hef ég hér lært meira á skömmum tíma en ég lærði á löngum tíma á jörðinni og kann ég æ betur að meta þessi nýju heimkynni og starfsaðferðir sem ég verð hér að tileinka mér.

Já margt hefur komið mér á óvart og svo mikið á óvart að segja má að ég hafi verið gapandi af undrun í marga mánuði samfleitt, ha ha,

*Það er ekkert annað, það hefur komið skemmtilega á óvart.*

Já það má segja það, það má segja að það hafi komið mér skemmtilega á óvart og vísindi og trú eru hér saman þættuð á þann hátt sem ég aldrei gat ímyndað mér á gömlu jörðinni og framfarir í minni starfsgrein sem aðeins er hægt að lýsa með þeim orðum að ég gat ekki ímyndað mér þær.

En þó verð ég að segja að þótt ég hafi verið kominn á gamals aldur þegar ég skildi við á gömlu jörðinni, las ég einstaka sinnum og eins oft og ég hafði þrek og heilsu til, vísindagreinar í mínu fagi og undirbuggu þær mig að nokkru undir mörg af þeim undrunarefnum sem ég hef upplifað á þessum nýja hnetti í nýjum líkama.

Já ég hef tekið þátt í því að senda orkuna nú nýverið eftir að ég hef kynnt mér ýmislegt, en þó er margt sem ég á eftir að læra á þessum hnetti og ég er tiltölulega nýbúinn að ná tökum á þessum nýja líkama til fulls og var það mér kannski mesta ánægjuefnið að hitta aftur eiginkonu og ættingja og margt að spjalla í þeim efnum.

Og er svo margt sem ég vildi við ykkur ræða, en vil ég meðan ég hef einhverja orku í sambandinu að einbeita mér að tveimur málefnum. (Guð hjálpi þér).

Að tveimur málefnum og reyni ég fyrst að segja nafn mitt áður en lengra er haldið, Ólafur landlæknir Ólafsson.

*Já, velkominn.*

Já komið þið sæl og blessuð.

Vildi ég fjalla um Covid veikindin ef mér er unnt og í annan stað og ég hef einnig þurft að taka andlegar lækningar í sátt og samlyndi og taldi það til húmbúkks, skottulækninga, en það er hluti af því sem ég hef þurft að endurmeta í nýju lífi og nýjum líkama og hnetti.

Og er það mikið ánægjuefni að geta hér gert gagn og já ég gapti af undrun og gleði og geri það kannski enn innra með mér að hluta til, en þótt ekki hafi ég lesið Nýalana að ráði, þá átti ég samtál við menn um þau efni á yngri árum og samtál það snérist að mestu leiti um það hvort unnt væri að hafa áhrif á líkamsástand og heilsu með neikvæðni eða jákvæðni eins og hann og fleiri héldu fram.

Og var ég oft í hlutverki efasemda mannsins, það var á námsárum mínum og hef ég hér í framlífi komist að því mér til undrunar að dr. Helgi Pjeturss og fleiri höfðu rétt fyrir sér í því að hugsanir og

jákvæðni skipta miklu máli, og var ég þó að vísu búinn að gera mér nokkra grein fyrir því á langri ævi en ekki í jafn miklum mæli og ég hef komist að í framlífi.

Og áður en ég kveð ykkur, ég get víst ekki fjallað um nema þetta eina málefni núna, áður en ég kveð ykkur, vil ég koma fram með þá athugun sem ég hef nýlega gert og rannsakað það sjálfur og kynnt mér eftir fremsta megni, eftir að hafa verið efins um það er ég fyrst heyrði um það hér að smitsjúkdómar og faraldrar geta átt uppruna sinn á öðrum hnöttum þegar saman fer hugarfar neikvæðni og niðurrif, eins og á gömlu jörðinni og einhvers konar helstefnu áhrif, hjá, ekki okkur heldur öðrum og mun þessi Covid veikindi eitthvað tengjast því.

En ég kemst víst ekki lengra út í það að sinni, þar sem orka mín fer dvínandi í sambandinu, þakka ég kærlega fyrir og vil ég taka það fram áður en ég kveð ykkur að ég reyni að styðja við bakið á ykkur og öðrum Íslendingum og senda ykkur orku hér eins og aðrir læknarnir.

Kveð ég ykkur að sinni og þakka fyrir og margt annað sem ég vildi koma á við tækifæri, verið þið sæl.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir komuna.*